

OYSTER PERPETUAL
SUBMARINER DATE


ROLEX


MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. desember 2015

50. tölublað | 9. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Jólaverslunin eykst á milli ára »4



»2

Púsundir flykkjast á sólarströnd

Fleiri Íslendingar hyggjast verja jólunum erlendis en síðustu ár.

»5

Áhættuþættir í vinnuumhverfinu

Rakel Davíðsdóttir skrifar um starfsmannamál.

»6

Bókajól Íslendinga

Pétur Már Ólafsson skrifar um jólabókaflóðið.

»6

Ávísun í jólagjöf

Lars Christensen skrifar um hagfræði jólagjafa.

»8

Fjármál RÚV

Stjórnarmaðurinn kallar eftir framtíðarstefnu í fjármálum RÚV.


OAKLEY 2016



Gleraugu eru góð jólagjöf

Verð frá 12.700 kr.

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUF

SKJÓÐAN



Umboðssvik í RÚV?

RIKISSTJÓRNARMEIRIHLUTINN á Alþingi ákvað nú fyrir jólin að láta lækku útvarpsgjalds standa. Skiljanlega voru stjórnendur RÚV ósáttir við þessa ákvörðun og gerðu hvað þeir gátu til að afstýra henni. Greinilega nutu þeir nokkurs stuðnings úti í samfélaginu.

ÖLLUM ÞYKIR okkur dálítið vænt um RÚV, sem nú í vikunni fagnaði 85 ára afmæli, en fyrsta útsending Ríkisútvarpsins var einmitt 21. desember 1930. Þeim fer fækkandi sem muna tilveruna án RÚV.

ÞEIR SEM KOMNIR eru á miðjan aldur og yfir muna þá tíma er enginn íslenskur ljósvakamiðill starfaði á Íslandi nema RÚV. Kaninn heyrðist á suðvesturhorninu og lengi vel var hægt að horfa á Kanasjónvarpið. Svo var lokað fyrir Kanann og ekki leið á löngu þar til einkaaðilar fengu að reka hljóðvarp og sjónvarp.

ÞÓ AÐ NÚ séu liðnir meira en þrjú áratugir frá því að einkaaðilar fengu leyfi til að reka ljósvakamiðla hefur enn ekki verið komið skikki á samkeppnismál á ljósvakamarkaði. RÚV hefur mikið samkeppnisforskot á einkarekna miðla þar sem það fær sérstakt gjald frá öllum skattgreiðendum auk þess sem það fær að keppa á auglýsingamarkaði.

STJÓRNENDUR OG UNNENDUR RÚV kvarta undan því að Alþingi hafi skert útvarpsgjaldið og hafa nokkuð til síns máls. Vitanlega er eitthvað bogið við að vera

með sérstakt gjald sem merkt er RÚV en láta það ekki allt renna til RÚV.

STJÓRNENDUR RÚV geta hins vegar ekki vikið sér undan ábyrgð sinni. Skattgreiðendur eiga kröfu á að stjórnendur RÚV gæti þess að halda rekstri í jafnvægi og stilla útgjöld af á móti tekjum.

TVEIMUR SÓLARHRINGUM áður en fjárlög voru samþykkt mættu stjórnendur RÚV á fund til fjárlaganefndar og greindu frá því aðspurðir að engar niðurskurðaraðgerðir væru á borðinu þrátt fyrir að lengi hefði legið fyrir að boðuð lækku útvarpsgjald kynni að hafa 500 milljóna tekj samdrátt í för með sér.

HLUTHAFAR Í ALMENNINGS- HLUTAFÉLAGI væru snöggir að kalla eftir hluthafafundi til að skipta um stjórn og stjórnendur ef þeir kæmst að því að það ætti að keyra félagið í stórfelldan taprekstur og kalla svo eftir auknu hlutafé frá hluthöfum til að dekkja tapið.

ÞETTA ER ÞAÐ sem stjórnendur RÚV gera. Þeir skera ekki niður kostnað þó að stórfelldur tekj samdráttur sé fyrir sjáanlegur. Reikningurinn fyrir tapinu verður einfaldlega sendur til hluthafanna, sem eru íslenskir skattgreiðendur. Í ljósi refsisdóma, sem fallið hafa í hrundmálum að undanförunu, mætti færa rök fyrir því að stjórnendur RÚV gerist sekir um umboðssvik með því að reyna ekki að laga útgjöld að tekjum.



Langvinsælast er að fljúga suður og skella sér á ströndina yfir jólin, Tenerife er einn vinsælasti áfangastaðurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þúsundir skipta út jólatrjám fyrir strandlíf

Fleiri Íslendingar verja jólnum erlendis í ár en síðustu ár. Vinsælast er að fara til sólarlanda, en sumir fara á skiði. Mikil ásókn var í aðventuferðir í desember.

Þúsundir Íslendinga hafa ákveðið að verja jólnum utanlands og hefur þeim fjölgað milli ára í takt við almenna fjölgun í ferðum Íslendinga erlendis. Vinsælast er að fara á sólarströndina á Kanaríeyjum eða Tenerife, en einnig eru einhverjir á skiðum yfir hátíðirnar.

Með fjórum vinsælum ferðaskrifstofum fara 2.500 Íslendingar erlendis um jólin, aukning er milli ára hjá þeim öllum. Átta hundruð manns fara með Heimsferðum til Tenerife og Gran Canaria, að sögn Tómasar J. Gestssonar, framkvæmdastjóra Heimsferða. Fimm hundruð manns fara til Tenerife og Kanaríeyja og fimmtíu manns

renna sér á skiðum hjá Vita ferðum. að sögn Guðrúnar Sigurgeirsdóttur framleiðslustjóra. Þúsund manns fara með Úrval Útsýn til Tenerife og Kanaríeyja sem er um 10 prósentu aukning milli ára að sögn Klöru Írisar Vigfúsdóttur forstöðumanns. Loks liggja hundruð og fimmtíu manns á ströndinni á Tenerife með Gaman ferðum að sögn Ingibjargar Elsu Eysteinsdóttur, forstöðumanns í sólarlandaferðum hjá Gaman ferðum.

Bæði WOW air og Icelandair buðu upp á aðventuferðir í desember og hefur ásókn í þær verið gífurleg. Icelandair var með sérstakar aðventuferðir fyrir eldri borgara en síðan

almennt flug á aðventunni. Guðjón Arngrimsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir erfitt að meta fjöldann en að óhætt sé að segja að þau greini 10-15 prósentu vöxt í aðventuferðum milli ára.

Ferðagleði Íslendinga hefur sjaldan verið jafn mikil og á þessu ári. Isavia spár því að 450 þúsund íslenskir ferðamenn muni fara um Keflavíkurflugvöll á árinu 2015, sem er 12,6 prósentu aukning milli ára. Spáð er að heildarfjöldi íslenskra brottfararfarþega verði um 495 þúsund á árinu 2016. Ef sú spá rætist verður ferðamet Íslendinga frá árinu 2007 slegið á næsta ári.

saeunn@frettabladid.is

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón Jón Hákon Halldórsson jonhakon@365.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir | Forsíðumynd GVA

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

Lækkun framlags til VIRK

Alþingi samþykkti nýverið ákvæði til bráðabirgða í lögum 113/1990 um tryggingagjald og ákvæði til bráðabirgða í lögum 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Bráðabirgðaákvæðin kveða á um að iðgjöld atvinnurekenda og þeirra sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóða til starfsendurhæfingarsjóðs skuli vera 0,10% af stofni til iðgjalds vegna árána 2016 og 2017 í stað 0,13% áður.

Ákvæðin öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 2016.

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR



Vikan sem leið

24% færri gjaldþrot

Gjaldþrot einkahlutafélaga síðustu 12 mánuði, frá desember 2014 til nóvember 2015, hafa dregist saman um 24 prósent í samanburði við árið á undan. Nýskráningum fjölgaði um 11 prósent á sama tíma samkvæmt tölum Hagstofunnar.

3,5% atvinnuleysi

mældist í nóvember samkvæmt tölum Hagstofunnar. Atvinnuleysi jókst um 0,4 prósent samanborið við nóvember 2014. Að jafnaði voru 194.900 manns á aldrinum 16 til 74 ára á vinnumarkaði.

2% hagvöxtur í Bandaríkjunum

Hagvöxtur mældist tvö prósent á þriðja ársfjórðungi í Bandaríkjunum samkvæmt tölum frá Bureau of Economic Analysis. Hagvöxtur dróst saman samanborið við annan ársfjórðung þegar hann nam 3,9 prósentum. Árlegur hagvöxtur mældist 3,3 prósent.

2% hækkun persónuafsláttar

Tekjumiðunarmörk hækka um 8,7 prósent og tryggingagjald lækkar um 0,14 prósentustig á næsta ári. Persónuafsláttur verður 623.042 krónur fyrir árið 2016, eða 51.920 krónur á mánuði. Skattleysismörk tekjuskatts og útsvars hækka um 2,5 prósent.

Á döfinni

Miðvikudagur 23. desember
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Viðskipti með atvinnuhúsnæði í nóvember.
HAGSTOFA ÍSLANDS - Útungun alifugla í nóvember 2015.

Mánudagur 4. janúar
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Íslyklar og innskráningarþjónusta Ísland.is

Miðvikudagur 30. desember
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Fjöldi útgefna vegabréfa.

Miðvikudagur 8. janúar
HAGSTOFA ÍSLANDS - Trúfélagsbreytingar.

BMW EFFICIENT DYNAMICS.
LESS EMISSIONS. MORE DRIVING PLEASURE.

BMW X1

www.bmw.is



Sheer
Driving Pleasure



NÝR OG SPENNANDI BMW X1.

VERÐ FRÁ 5.790.000 KR.

BMW X1 sDrive18d

Sjálfskiptur, framhjóladrifinn, 2,0l dísil, 150 hestöfl
Eldsneytisnotkun frá 4,3 l/100 km*
Verð frá 5.790.000 kr.

BMW X1 xDrive18d

Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, 2,0l dísil, 150 hestöfl
Eldsneytisnotkun frá 4,8 l/100 km*
Verð frá 6.490.000 kr.

Staðalbúnaður er meðal annars sjálfskipting, 17" álfelgur, LED dagljós, lykillaus ræsing, loftkæling, aðgerðahnappar í stýri, handfrjáls Bluetooth símabúnaður og tónlistarstreymi, Eco - Comfort og Sport akstursstillingar, veggþéð 18,2 cm, upphituð sæti og speglar, nálgunarvari aftan, 6,5" litaskjár í mælaborði og iDrive stjórnölva.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Jólaverslun blómlegri í ár en í fyrra

Spáð er sjö prósentu vexti í verslun fyrir jólin á þessu ári og hefur jólaverslun verið blómlegri í ár en í fyrra, að sögn framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu. Kaupmenn í miðbænum segjast finna fyrir aukningu. Netverslun er orðin algengari.

Sæunn
Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is



Rannsóknasetur verslunarinnar spáir sjö prósentu vexti að nafnverði í verslun yfir jólamánuðina á þessu ári. Jólaverslun hefur verið blóm-

legri í ár en í fyrra, að sögn Andrésar Magnússonar, framkvæmdastjóra Samtaka verslunar og þjónustu. Hann segir neytendur eyða meiru en undanfarin ár og að ljóst sé að svartur föstudagur hafði töluverð áhrif á verslunina.

Því er spáð að hver Íslendingur muni verja að jafnaði um 45 þúsund

krónum til jólainnkaupa í ár. Kaupmenn í miðbænum sem markaðurinn ræddi við segjast hafa upplifað aukna jólasölu, samanborið við síðustu ár.

Þeir segjast ekki upplifa það að fólk sé að kaupa dýrari vörur. Vert er þó að nefna að aukning hefur orðið í sölu hjá dýrari verslunum.

Jólaverslun er hátt hlutfall af heildarársteikjum verslana. Talið er að milli 15 til 20 prósent meiri sala sé í nóvember og desember, en yfir aðra mánuði.

Neytendahegðun hefur þó verið að breytast og verslun færst í meiri mæli á netið samkvæmt rannsókn-um rannsóknarsetursins.

7% vexti er spáð í jólaverslun 2015

4 sinnum meiri velta var hjá netverslunum í fyrra miðað við fyrir fimm árum

Aukning í sölu hjá dýrari verslunum

Rannsóknasetur verslunarinnar spáir sjö prósentu vexti að nafnverði í verslun fyrir jólin miðað við síðustu jóla og að meðaltali eyði Íslendingar 45 þúsund krónum á mann í jólagjafir. Kaupmenn sem Markaðurinn ræddi við hafa allir fundið fyrir aukningu í verslun. Þeir segjast ekki hafa fundið fyrir því að fólk sé að kaupa dýrari gjafir. Hins vegar hefur orðið aukning hjá verslunum sem selja dýrari vörur.

Guðbjörg Ingvarsdóttir, eigandi Aarum, segir að engin spurning sé um það að það hafi orðið aukning hjá þeim í ár. „Ég myndi segja að fólk væri að kaupa álíka dýrar vörur í ár og áður, af því að við erum með svipað verðbil og síðustu ár. En síðustu dagarnir eru eftir og þessar dýrustu vörur fara oft síðustu dagana.“ Undir þetta tekur Lovísa Guðmundsdóttir, rekstrarstjóri Geysis. „Mér finnst fólk vera að kaupa svipað dýrar vörur og í fyrra, en það er töluverð aukning. Helstu sölupunkturarnir okkar eru þeir sömu og í fyrra, en svo hefur orðið aukning í Barbour-vörum.“

Anna Lea Friðriksdóttir, verslunarstjóri Máls og menningar, segir að salan fari rosalega vel af stað og sé aðeins meiri en í fyrra. „Við sjáum söluminnkun hjá okkur á þeim fimmtán titlum sem fast einnig í matvöruverslunum, en það er aukning í öllu öðru.“ Hún segist ekki finna fyrir aukinni sölu á dýrum bókum.



Margir hafa lagt leið sína í miðbæinn til að kaupa jólagjafir. FRÉTTABLAÐID/GVA

Salan fór af stað aðeins fyrr heldur en á síðasta ári bæði hjá 66° Norður og Hrími og er góður gangur hjá báðum verslunum.

Aukning hefur orðið hjá dýrari verslunum, má þar nefna Feld verkstæði. „Jólasalan hefur gengið alveg glimrandi vel og við finnum fyrir aukningu milli ára. Það er aukning

hjá okkur á milli ára af því að við opnuðum nýja verslun við Snorrabraut og svo hefur orðið heilmikil aukning í sölu til annarra verslana,“ segir Kristín Birgisdóttir, annar eigandi Felds. „Aukin sala tengist líka kannski ferðamennsku. Það er mikið af útlendingum sem eru að kaupa okkar vöru.“

Um 15 til 20 prósent meiri sala vegna jólanna

Samkvæmt útreikningum Rannsóknaseturs verslunarinnar er velta smásöluverslana að öllu jöfnu um 15 til 20 prósent meiri að raunvirði í nóvember og desember. Viðbóttin er breytileg milli ára og eftir tegund verslana.

Merki eru um að margir kaupir skartgripa eða úr í jólagjöf, velta skartgripa- og úraverslana er almennt tvöfalt meiri þessa tvo mánuði en meðaltal annarra mánaða ársins. Fataverslun er að jafnaði

30%

meiri sala er á fötum yfir jólamánuðina

um þriðjungu meiri yfir mánuðina tvo. Meiri breytileiki er í jólaverslun með húsbúnað og raftæki milli ára en algengt er að verslun í þessum flokkum sé um 30 til 50 prósentum meiri.

50 til 80 prósent meiri netverslun í desember

Jólaverslun hefur verið að færast í meiri mæli á netið samkvæmt rannsóknnum Rannsóknaseturs verslunar. Netverslun hefur aukist um 50 til 80 prósent milli ára ef marka má úttekt rannsóknasetursins aðra vikuna í desember. Fólk virðist kaupa fleiri og dýrari vörur í hverri þöntun.

Fjörum sinnum meiri velta var meðal verslana sem skráðar eru í atvinnugreinaflokk netverslana hjá Hagstofunni fyrir síðustu jól

» Íslendingar virðast vera að versla meira við innlendar netverslanir heldur en erlendar, og fer hlutdeild þeirra vaxandi.

en fimm árum áður. Íslendingar virðast versla meira við innlendar netverslanir heldur en erlendar, og fer hlutdeild þeirra vaxandi.

Sálfélagslegir áhættuþættir í vinnu- umhverfinu – ábyrgð vinnuveitenda



Mannauður
Rákel Davíðsdóttir
sálfræðingur

Oft á tíðum er starfsmannamálum sópað undir teppi og vonast er til þess að vandamálin lagist af sjálfu sér.

Flestir starfsmenn á vinnumarkaði hafa þörf fyrir og langar til að líða vel í vinnu, tilheyra góðum starfshópi og nýta jákvæða eiginlega sína og hæfni í starfi. En það er því miður raunin að margir njóta sín ekki í starfi og/eða líður illa í vinnunni, finna t.d. fyrir óryggi, kvíða, depurð, streitu- eða kulnunareinkennum.

Óeðlilegt vinnuálag, litill sveigjanleiki í starfi, afskiptalaus eða óútreiknanleg stjórnun og slæmir samskiptahættir eru dæmi um þætti sem hafa neikvæð áhrif á starfsanda og líðan starfsfólks. Ýmislegt getur ýtt undir erfið samskipti á vinnustöðum, t.d. geta neikvæðar venjur og hefðir á vinnustöðum aukið líkurnar á að slæmir samskiptahættir viðgangist.

Dæmi um algengar neikvæðar venjur á vinnustöðum eru baktal, þegar hefð er fyrir því að niðast á nýju starfsfólki og of mikil samkeppni milli starfsmanna. Þegar slíkur jarðvegur er fyrir hendi aukast líkurnar margfalt á að starfsfólk verði fyrir einelti.

Einelti er staðreynd

Einelti á íslenskum vinnustöðum er staðreynd en í rannsókn undirritaðrar frá 2008 mældist einelti 5% á íslenskum vinnustöðum. Í rannsókn Hjördísar Sigursteinsdóttur (2011)

var hlutfallið mun hærra, en um 12% starfsmanna íslenskra sveitarfélaga töldu sig hafa orðið fyrir einelti á núverandi vinnustað. Enn hærra hlutfall starfsfólks greinir að jafnaði frá því að verða fyrir neikvæðri og/eða niðurlægjandi framkomu endrum og eins (en nær ekki viðmiðum eineltis). Afleiðingar slæmrar framkomu á vinnustöðum geta verið alvarlegar fyrir þolendur (t.d. einkenni áfallastreitu, kvíði, depurð) og getur leitt til þess að þeir detti út af vinnumarkaðinum í óákveðinn tíma. Auk þess hafa rannsóknir sýnt að þess konar framkoma hafi neikvæð áhrif á vinnustaðinn í heild sinni, líðan samstarfsfélaga, starfsánægju, afköst og starfsmannaveltu.

Orsakir fyrir slæmu innra starfsumhverfi geta verið ýmsar og oft margþættar en helst ber að nefna slæma stjórnunarhætti, meðvirkni og að of litil áhersla sé lögð á að sinna starfsmannamálum á vinnustaðnum. Það sem gerist jafnan þegar vinnustaðir eru „sýktir“ er að stjórnendur jafnt sem annað starfsfólk firri sig ábyrgð á ástandinu.

Oft á tíðum er starfsmannamálum sópað undir teppi og vonast er til þess að vandamálin lagist af sjálfu sér. Oft má greina uppgjöf hjá starfsfólki,

væntingar minnka um betra innra starfsumhverfi og lausnamiðuð nálgun og fagmennska dvínar. Slæm líðan á vinnustað leiðir jafnan til þess að starfsfólk einangrar sig eða sýnir óviðeigandi framkomu á vinnustaðnum. Auk þess getur vanlíðan í vinnu haft mjög neikvæð áhrif á aðra þætti í lífi fólks eins og á einkalíf og tómstundir.

Hvað er til ráða?

Það eiga allir rétt á að líða vel í vinnunni samkvæmt vinnuverndarlöggjöfni. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er greint frá hinum ýmsu skyldum vinnuveitenda. Þeir bera t.d. ábyrgð á að gerð sé áætlun um sálfélagslega áhættuþætti í vinnuumhverfinu og að meta þá þætti reglulega. Stefna þarf að vera til staðar um ýmsa sálfélagslega áhættuþætti og verklagsreglur um það hvernig bregðast skuli við.

Forvarnir eru mikilvægar, t.d. með því að fræða starfshópa um ýmis mál efni tengd líðan í starfi. Stuðningur er jafnframt nauðsynlegur, bæði frá starfsfélögum en ekki síður frá stjórnendum. Þeir bera ábyrgð á að taka á málum sem upp koma og eru jafnframt fyrirmyndir í framkomu sinni gagnvart starfsfólki. Rannsóknir sýna mikilvægi þess að hlúa að starfsfólki, sýna því virðingu og stuðning og veita viðeigandi endurgjöf.

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á sterk tengsl milli innra starfsumhverfis og líðanar starfsfólks, sem og rekstrarlegrar afkomu fyrirtækja og stofnana. Það er því hagur samfélagsins að starfsfólki á vinnustöðum landsins líði vel og það njóti sín í starfi.

Talað úr tómri skjóðu



Markaðir
Sigurður G.
Valgeirsson
upplýsingafulltrúi
Fjármálaeftirlitsins

Í dálknun Skjódunni í Markaðnum, viðskiptablaði Fréttablaðsins, hinn 16. desember síðastliðinn er því haldið fram að reglu- og lagaumhverfi fjármálaafstofnana á Íslandi hafi lítið sem ekkert verið breytt frá því fyrir hrún. Einnig að Fjármálaeftirlitið hafi ekkert breyst þrátt fyrir að hafa meiri fjármuni til starfseminnar. Þessar fullyrðingar eru rangar.

Reglu- og lagaumhverfi fjármálaafstofnana hefur tekið miklum breytingum frá því fyrir hrún. Til dæmis hefur lögum um fjármála-fyrirtæki verið breytt 27 sinnum frá bankahrúninu og er þá löggjöf annarra markaða ótalin. Að auki hafa verið settar fjölmargar reglugerðir, reglur og leiðbeinandi til-mæli. Þær breytingar sem orðið hafa dyljast engum þeirra aðila sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með.

Hvað Fjármálaeftirlitið sjálf varðar hefur orðið gjörbreyting á starfseminni frá því fyrir hrún. Starfsmönnum hefur fjölgað úr 56 í um 115 og stofnunin hefur verið endurskipulögð frá grunni. Fjármálaeftirlitinu hafa verið falin margvísleg ný verkefni með lögum. Þá hefur Fjármálaeftirlitið nú ríkari valdheimildir en áður. Enn fremur hefur Fjármálaeftirlitið tekið virkan þátt í þeirri umfangsmiklu úrbótavinnu sem

Reglu- og lagaumhverfi fjármálaafstofnana hefur tekið miklum breytingum frá því fyrir hrún. Til dæmis hefur lögum um fjármála-fyrirtæki verið breytt 27 sinnum frá bankahrúninu og er þá löggjöf annarra markaða ótalin.

alþjóðasamfélag stefnumótandi aðila hefur sinnt í kjölfar þeirra miklu fjármálaafalla sem riðu yfir á haustmánuðum 2008. Þá hefur Fjármálaeftirlitið sett sér nýja gagnsæisstefnu og birtir ákvarðarnir sínar opinberlega, gerir grein fyrir þróun á fjármála-markaði og reglum sem um hann gilda m.a. í tímariti sínu Fjármálum og stendur fyrir kynningarfundum um málefni sem tengjast starfsemi þess.

Höfundur dálksins, sem augljóslega er ekki núverandi starfsmaður eftirlitsskylds aðila og kys að njóta nafnleyndar, má hafa þær skoðanir sem hann vill og tjá þær eins og honum sýnist. Það er þó aðfinnsluvert og áhyggjuefni fyrir Fréttablaðið ef hann fer með rangt mál á ábyrgð ritstjórnar. Heilbrigði og virðing íslensks fjármáلالífs ræðst ekki einungis af rekstri fjármála-fyrirtækja, eftirlitsstofnana og framgöngu stjórnvalda heldur einnig af trúverðuleika þeirra sem um þau mál skrifa.



Á meðan við prentum fyrir þig...

**Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar
Fjölpostur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!**



Suðurlhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is



Bækur
Pétur Már Ólafsson
bókaútgefandi

Ólafur, Yrsa og huldu-maður

Haustið 1991 tók ég í fyrsta sinn þátt í jólabókaslagnum. Ég var nýráðinn til Vöku-Helgafells og var helsta tromp okkar það ár skáldsagan Fyrirgefning syndanna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. Bókin var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og seldist í tíu þúsund eintökum.

Við fylgdumst spennt með Fyrirgefningu syndanna berjast við ævisögu Árna Tryggvasonar um toppsætið en hvaða aðrar bækur nutu vinsælda þetta haust? Á síðasta metsölulista DV fyrir jól voru samtals sex ævisögur. Á honum var ein þýdd skáldsaga, Ógnin rauða eftir Alistair MacNeill en hann var eins konar slitastjórn metsölufundarins Alistair MacLean. Þarna var líka Á slóð kolkrabbans eftir Örnólf Árnason og Mitt er þitt eftir Þorgrím Þráinsson.

Íslenskir rithöfundar á flugi

Fyrirgefning syndanna var þannig eina íslenska skáldsagan á topp tíu 1991.

Á metsölulista Eymundssonar í síðustu viku voru aftur á móti sjö íslenskar skáldsögur. Yrsa Sigurðardóttir trónaði á toppnum með Arnald fast á hæla sér. Ólafur Jóhann stefnir enn og aftur á sín tíu þúsund eintök. Þarna var líka Jón Kalman, Auður Jónsdóttir og Einar Már, auk Guðmundar Andra með essay-róman um föður sinn. Á listanum í Eymundsson voru líka tvær íslenskar barnabækur, eftir Gunnar Helgason og Ævar Þór Benediktsson, að ógleymdu stórvirki Páls Baldvins um stríðsárin.

Ekki afskrifa ævisöguna

Hér hafa orðið algjör umskipti. Íslenskar barnabækur njóta mikilla vinsælda og kannski er tími stórvirkjanna í bókaútgáfu runninn upp á ný. Mesta athygli vekur hins vegar sókn íslensku skáldsögunnar sem staðið hefur yfir undanfarin ár. Mér er nær að halda að staða hennar hafi aldrei verið sterkari.

En þá spyr maður sig: er ævisagan dauð?

Við hjá Bjarti & Veröld gáfum út tvær prýðilegar ævisögur fyrir jólin sem báðar seldust upp en stóldruðu að vísu stutt við á topp tíu og náðu ekki inn á listann í síðustu viku.

Ég hef hins vegar ekki afskrifað þessa merku bókmenntagrein. Þegar ég samþykkti að skrifa þennan greinarstúf á föstudaginn í síðustu viku var ég að fara að hitta hálfgerðan huldumann ásamt landspektum rithöfundu. Fundinum lauk með því að við handsöluðum samning um útgáfu á ævisögu hans fyrir næstu jól. Og sú mun nú heldur betur vekja athygli...
Gleðileg bókaþól!

Jólastemning í Taílandi



Það þarf að stýra umferðinni í jólaösinni í Taílandi, eins og víðar. Og ekki verða að umferðarlögregluþjónar geti brugðið á leik eins og þessi sem klæddi sig upp sem jólasveinn til að sinna vinnu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPÁ

Ekki hlusta á hagfræðingana fyrir jólin



Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Þegar gott parti er í gangi koma yfirleitt hagfræðingarnir og eyðileggja alla skemmtunina. Og hvað haldið þið? Þeir gætu jafnvel tekið gleðina úr jóluunum!

Árið 2009 skrifaði bandaríski hagfræðiprófessorinn Joel Waldfogel bók með titlinum Scroogenomics: Why You Shouldn't Buy Presents for the Holidays (Nirfilsfræði: Af hverju þú ættir ekki að kaupa gjafir fyrir hátíðarnar).

Waldfogel færir mjög sannfærandi rök (að minnsta kosti fyrir aðra hag-

fræðinga) fyrir því að maður ætti ekki að kaupa jólagjafir, og að slíkt valdi því sem hagfræðingar kalla „allratap“.

Waldfogel setti líka fram þessi rök í grein árið 2001, þar sem hann sagði: „Mikilvægt atriði varðandi gjafir er að neysluvalið á sér stað hjá einhverjum öðrum en hinum endanlega neytanda. Rekstrarhagfræðilega séð getur það haft mikil áhrif ef það er misræmi á milli gjafa og þess sem viðtakandinn óskar sér. Í viðteknum rekstrarhagfræðilegum ramma neytendavals er það besta sem gefandinn getur gert við, segjum 10 dali, að tvöfalda það sem viðtakandinn hefði valið. Það er mögulegt að gefandinn velji gjöf sem viðtakandinn metur í raun ofar verðinu – til dæmis ef viðtakandinn er ekki mjög vel upplýstur – en það er þó líklegra að gjöfin komi verr út fyrir viðtakandann en ef hann hefði valið gjöfina sjálfur sem neytandi fyrir sömu upphæð. Í stuttu máli: Gjafir eru hugsanlega uppspretta allrataps.“

Það sem Waldfogel er að segja hérna er: Slepptu því að hlauða um

Mikilvægt atriði varðandi gjafir er að neysluvalið á sér stað hjá einhverjum öðrum en hinum endanlega neytanda. Rekstrarhagfræðilega séð getur það haft mikil áhrif ef það er misræmi á milli gjafa og þess sem viðtakandinn óskar sér.

og reyna að finna fallega jólagjöf handa konunni þinni. Gefðu henni bara ávísun, og hún ætti auðvitað að gera það sama fyrir þig. Og fyrst við erum byrjuð: Gleymdu tékkunum, því þeir myndu bara „jafnast út“. Það er einfaldlega tímaeyðsla að kaupa jólagjafir handa fólki þegar það vildi frekar fá peningana.

Waldfogel gengur lengra – enda hagfræðingur – og setur tölu á „allratapið“ við jólagjafa-„viðskiptin“, og það er engin smáupphæð. Hún er reyndar feikihá. Hann áætla að allratapið sé á milli 10% og 30% af raunvirði gjafarinnar, svo ef þú

kaupir gott ilmvatn handa konunni þinni fyrir 10.000 krónur þá gæti „allratapið“ verið í kringum 2.000 krónur. Svo það væri kannski betra fyrir þig (og konuna þína) ef þú létir hana fá ávísun upp á 8.001 krónu og þið keyptuð ykkur svo vínflösku fyrir 1.999 krónur.

Af hverju gerirðu þetta þá ekki? Ja, af því að hún er ekki hagfræðingur! Og það er konan mín ekki heldur, og hún kynni sannarlega ekki að meta það ef ég héldi fyrirlestur yfir henni um helstu atriði „hagfræði jóla“ á aðfangadagskvöld, og börnin mín kynnu sannarlega ekki að meta það heldur!

Svo nú ætla ég að hætta að vera hagfræðingur og hlauða út og finna fallega gjöf handa konunni minni. Ég veit að hún keypti gjafirnar handa mér fyrir löngu, á meðan ég var upptekinn við að þæla í hvað Janet Yellen ætti að gera varðandi peningamála-stefnu Bandaríkjanna og af hverju við ættum að tengja íslensk hús-næðislan við tekjur frekar en verðbólgu.

Gleðileg jól!

Hugvekja um markaðsmál á jólum

Hin hliðin

Þórunna K. Jónsdóttir
markaðsfræðingur



Síðastliðnar vikur og mánuði hef ég velt fyrir mér hvort maður geti verið bæði andstæður neysluhyggju en jafnframt verið í markaðsmálum. Þessar hugsanir sækja enn meira á mig nú í aðdraganda jóla þar sem við missum okkur í ruglinu og

verslum eins og enginn sé morgundagurinn.

Ég varð því glöð þegar góður félagi minn benti mér á grein um positive marketing. Já, þarna kom nú akkúrat eitthvað sem á við mig!

Jákvæð markaðsfræði!

Í jákvæðri markaðsfræði er hlutverk fyrirtækisins að veita fólki það sem bætir líf þess. Fyrir það fær fyrirtækið greitt og allir vinna. Spurningin er svo: Hvað bætir líf okkar? Bætir það

líf barnanna okkar að gefa þeim úlpu sem kostar tugi þúsunda? Bætir það líf okkar að eiga alveg eins blóma-vasa og allir hinir? Bætir það líf okkar þegar jólasveinninn kaupir rándýrar gjafir í skóinn fyrir suma en aðrir fá mandarínu?

Við berum öll ábyrgð. Við berum ábyrgð á okkur sjálfum. Við berum ábyrgð á börnunum okkar. Og sem fyrirtæki erum við einfaldlega samansafn af fólki, hluti af samfélaginu, og við berum ábyrgð á því að gera okkar

til að gera samfélagið betra fyrir okkur öll.

Tilgangur

Mér finnst mikilvægt að fyrirtæki hafi tilgang umfram bara að græða peninga. Það þarf jú að græða peninga því annars fer það á hausinn og getur ekki látið neitt gott af sér leiða, en að græða peninga bara til að græða peninga – til hvers er það? Hvað þá að græða peninga með því að nýta sér veikleika mannskepnunnar og búa til úr þeim

gerviparfir. Er það ekki dálítið 2007? Og ég sé ekki af hverju það þarf. Það veit sá sem allt veit að margt má bæta í þessari veröld og við getum ábyggilega gert góðan „bissness“ úr því að mæta þörfum fólks og bæta líf þess þannig að allir njóti góðs af.

Markaðsfræði er bara safn af aðferðum og tólum og eins og ýmislegt annað í veröldinni er hægt að nota þekkingu og kunnáttu í markaðsmálum bæði til góðs og illis. Ég vil nota hana til góðs.

EIGÐU ÞÆGILEG JÓL MEÐ OKKUR

NJÓTTU HÁTÍÐANNA MEÐ DAGSKRÁRGERÐARFÓLKI
BYLGJUNNAR OG GÓÐUM GESTUM

ÞORLÁKSMESSA, 23. DES.

Í BÍTIÐ	KL. 06:50 - 10:00
ÍVAR GUÐMUNDSSON	KL. 10:00 - 13:00
RÚNAR RÓBERTSSON	KL. 13:00 - 16:00
REYKJAVÍK SÍÐEGIS	KL. 16:00 - 18:30
ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR BUBBA	KL. 22:00 - 24:00

AÐFANGADAGUR, 24. DES.

ERNA HRÖNN	KL. 07:00 - 09:00
Í BÍTIÐ	KL. 09:00 - 12:00
SLEÐAFERÐ MEÐ VALTÝ OG JÓA	KL. 12:00 - 16:00
HÁTÍÐARTÓNAR BYLGJUNNAR	KL. 18:00 - 20:00
ILMUR AF JÓLUM MEÐ HERU BJÖRK	KL. 22:00 - 24:00

JÓLADAGUR, 25. DES.

JÓLABOÐ SVANHILDAR OG LOGA	KL. 10:00 - 12:00
ÍVAR GUÐMUNDSSON	KL. 12:15 - 16:00
KK - SEXTUGUR	KL. 16:00 - 18:30

ANNAR Í JÓLUM, 26. DES.

BAKARÍÐ	KL. 09:00 - 12:00
JÓLAHELGIN MEÐ ÁSGEIRI PÁLI	KL. 12:20 - 16:00
VEISTU HVER ÉG VAR?	KL. 16:00 - 18:30
JÓLAPARTÝ BYLGJUNNAR	KL. 19:00 - 01:00



Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Aftur plástur á sárið

Á dögunum var ákveðið að veita sérstakt aukafjárframlag til rekstrar Ríkisútvarpsins á komandi ári. Nemur framlagið 175 milljónum og er eyrnamerkt innlendri dagskrárgerð, sem Alþingi telur ástæðu til að verja sérstaklega umfram aðra rekstrarþætti RÚV.

Með þessu framlagi er ljóst að RÚV hefur, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, úr sömu upphæð að spila og á síðasta ári.

Staðreyndin er þó sú að niðurstaða Alþingis í málefnum RÚV þetta árið er bara enn einn plásturinn á sárið, og enn hefur enginn léð máls á því að teknar verði ákvarðanir um hvernig málum skal háttað til frambúðar. Þessar aukalegu 175 milljónir breyta engu um stöðu félagsins.

Skuldastaðan er jafn slæm og staðreyndin sú að Ríkisútvarpið hefur tapað um 800 milljónum króna síðan það var sett á laggirnar í formi opinbers hlutfélags árið 2007. Þrátt fyrir 5,4 milljarða árlegt forskot í formi útvarpsgjalds og auglýsingasölu í samkeppni við einkamiðlana ber reksturinn sig engan veginn.

Niðurskurðarplön stjórnenda benda ekki til þess að staðan breytist í náinni framtíð.

Nú þegar virðist ljóst að draumórar um hækkun á útvarpsgjaldi ganga ekki eftir. Í yfirtöku ríkisins á skuldabréfi við LSR og sölu á lóðarréttindum í Efstaleiti felst ekki framtíðarlausn, heldur er í besta falli verið að lengja í hengingarólíni. Draumórar forsætisráðherra um sölu á innlendu dagskrárefni til útlanda myndu líka seint rata inn í rekstraráætlun ábyrgs fjármálastjóra, og benda til þess að ráðherrann sé ekki sérstaklega vel að sér um stærstu kostnaðarpósta í fjölmiðlarekstri.

Enn hefur því nákvæmlega ekkert gerst í málinu, engin vitræn tilraun verið gerð til að fylgja eftir úttektum á starfsemi stofnunarinnar.

Starfsmenn RÚV, keppinautar og landsmenn eiga betra skilið. Nú þarf hugrakka stjórnmalamenn til að leggja til framtíðarumhverfi fyrir RÚV, og því þarf að fylgja eftir. Á tímabili leit út fyrir að menntamálaráðherra gæti orðið maðurinn í hlutverkið, en nú virðist sem loftið sé úr blöðrunni.

Stjórnendum RÚV er vorkunn að þurfa að starfa við þær aðstæður sem þeim eru búnar: óvissan er alger og hvert fjárlagaár eins og árleg óvissuferð starfsmannafélagsins.

Eftir á til í málefnum RÚV og finna stofnuninni framtíðarsess þarf skýra stefnu.

Lýst er eftir hugmyndaríkum, hugrökkum og stefnuföstum stjórnmalamanni sem tekið getur forystuhlutverk í þeim efnum.

250

MILLJARÐA KRÓNA SALA

Greiningaraðilar spá sölu fyrir 1,3 milljarða punda, eða jafnvirði 250 milljarða íslenskra króna, á verslunargötum London í dag og á morgun. Því er spáð að salan nái hámarki í kringum hádegi í dag. Guardian segir aukna netsölu leiða til þess að sala í verslunum hafi ekki verið góð. Verslunarmenn bjóði því veglega afslætti.

2%

HÆKKUN VERÐBÓLGU Í DESEMBER

Tölf mánaða verðbólga mælist 2,0% í desember og er óbreytt frá því í nóvember. Neysluverðs-vísitalan hækkaði um 0,33% í desember frá fyrri mánuði, en fram kemur í Morgunkorni Greiningar Íslandsbanka að spár gerðu ráð fyrir 0,2-0,3% hækkun. Flugfargjöld, fasteignir og fót hækka í verði.

19.12.2015

Ég er mikill jólakall og hef alltaf haft gaman af jólunum og aðdraganda þeirra. Þar skipta ýmsar hefðir máli, allt frá því að horfa á Christmas Vacation með fjölskyldunni að því að hlusta saman á útvarpsmessuna og jólasálma á aðfangadag.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
forsætisráðherra



**GLEÐILEG
JÓLASPIL
TILVALIN MÖNDLUGJÖF**

VILTU VEÐJA
Fjölskyldu-
áskorun!
Viltu veðja hvort ég geti þas?

Teninga ALIAS
Allir í kasti!